

Sjónrænt mat á málningavinnu

Leiðbeiningar um hvernig á að meta málningavinnu á ólíku undirlagi



FORMÁLI

Þessi bæklingur er hugsaður sem verkfæri fyrir ráðgjafa, arkitekta, iðnaðarmenn, eftirlits- og matsmenn og fleiri

Leiðbeiningunum er ætlað að auðvelda gæðamat á málningarvinnu og tryggja að tæknilegt gæðamat byggir á samræmdum forsendum.

Notkun leiðbeininganna krefst nokkurrar þekkingar á hugtökum sem notuð eru í málaraíðni.

Leiðbeiningarnar eiga ekki við um mat á formáluðum hlutum, þar sem slíkt mat byggir á gildandi iðnaðarstöðlum.

LEIÐBEININGAR

– svona á að nota bæklinginn

Athugið að leiðbeiningarnar snúa einungis að sjónrænu mati og nýtast ekki til að leggja mat á tæknileg gæðaaatriði.

Leiðbeiningunum er ætlað að tryggja að matið fari fram á sama hátt í hvert sinn til að fyrirbyggja mistök við mat á vinnunni.

Við matið er mjög mikilvægt að fjarlægð frá því sem dæma skal hverju sinni sé samræmd. Í leiðbeiningunum eru því fyrirmæli um fjarlægðir og æskileg sjónarhorn við mat.

Í leiðbeiningunum er að finna lýsingar á þeim faglegu forsendum gilda í málaraiðn um einstaka byggingarluta.

Sömu viðmið gilda um utan- og innanhússverkefni.

Með bæklingnum hefur fagið sett fram sameiginleg viðmið við mat á undirlagi.

Athugið að teikningarnar gefa ekki rétta mynd af uppgefnum sjónarhornum.

LÝSING

– stutt útskýring

Ef meta þarf verkið í tilbúinni lýsingu er nauðsynlegt að nota ljósgjafa sem gefur nægjanlega og eðlilega birtu. Mælt er með að nota lampa sem uppfylla neðangreind viðmið og gefa jafna og dreifða birtu með sem minnstri beinni lýsingu.

Í dag er í boði fjöldi ólíkra lampagerða sem auðveldar að fá heppilega lýsingu við ólíkar aðstæður.

- Litarhitastig: 6000–6500 Kelvin (jafngildir venjulegri dagsbirtu).
- Lýsingarstyrkur: 900–1000 Lux á upplýstan flöt þegar lampanum/lömpunum er stillt upp í uppgefni fjarlægð.
- Litarendurgjöf að lágmarki. 80 Ra.

Litarhitastig sýnilegs ljóss er mælt í Kelvin. Almennt er talað um þrjá flokka:

- Undir 3300 Kelvingráður = hlýhvítur
- Á bilinu 3300 – 5000 Kelvingráður = hvítur
- Yfir 5000 Kelvingráður = dagsbirta

Lýsingarstyrkur er mældur í Lux. Lux segir til um það ljósmagn sem fellur á upplýstan flöt og er alltaf gefið upp miðað við tilgreinda fjarlægð (t.d. 1– 2 m). Litarendurgjafarstuðull segir okkur hversu réttur litur er í upplýstum fleti. Stuðullinn er gefinn upp í Ra og er betri eftir því sem hann er hærri. Sólin hefur Ra gildið 100.

Lampinn er látinn lýsa upp viðfangið að neðan og upp eða horn í horn í 1,25–1,5 m fjarlægð. Dæmi um kastara sem uppfyllir þessi skilyrði er Scangrip Nova 5k. Við mat á málningarvinnu skal stilla hann á hálfan ljósstyrk.

VIÐGERÐIR

– eftir aðra

Það getur verið erfitt að fá verk afhent þegar því er lokið. Vandamálin eru þekkt:

Ósamkomulag um sjónrænt mat

Við mat á málavinnunni er mikilvægt að fylgja leiðbeiningunum í þessum bæklingi.

Sýnilegar blettaviðgerðir

Margar blettaviðgerðir eru gerðar vegna óhreininda eða eiginleika málaða flatarins. Slíka bletti má fjarlægja með því að þvo þá varlega. Ef það leysir ekki vandann er rétt að bletta.

Ef það eru skemmdir í málningu og undirlagi kallar það á umtalsvert erfiðari viðgerð. Þá getur verið nauðsynlegt að sparsla. Mikilvægt er að átta sig á að þá er ekki lengur um blettun að ræða heldur endurtekna vinnu sem greiða þarf fyrir.

Við minni skemmdir í málningu og undirlagi má blettaspartla þannig að undirlagið verði eins og áður, og bletta svo yfir það.

Blettaviðgerðir þar sem lituð málning er notuð, sérstaklega ef um sterka liti er að ræða, er sérlega erfitt að framkvæma þannig að ekki sjáist.

Hvernig er best að bletta?

Mikilvægt er að nota rétt verkfæri og dreifa vel úr, svo ekki myndist þykkt málningarlág í kringum svæðið sem laga þarf.

Það getur þurft að mála stærra skýrt afmarkað svæði, til að forðast sýnilegan litamun á fletinum. Þá er rétt að tala ekki um blettaviðgerð heldur endurtekna vinnu sem greiða þarf fyrir.

Það er líka nauðsynlegt að gera byggingarstjóra eða eftirlitsmanni ljóst að ef einungis er blettað sé mögulegt að viðgerðin sjáist.

Það þarf að tryggja að kostnaðurinn fari ekki fram úr áætluðum kostnaði við viðgerðir vegna vinnu annarra iðnaðarmanna í tilboðinu. Ef svo er þarf málarinn að fá umframkostnaðinn greiddan.

Sprunguviðgerðir með akrýlkýtti milli byggingarhluta

Hér er nauðsynlegt að greina milli smíðavinnu og málavinnu við samskeyti. Oft gera byggingarstjórar/eftirlitsmenn ráð fyrir að málarinn fylli í öll bil milli byggingarhluta með akrýlkýtti, óháð breidd og dýpt.

Eðlilegt er að miða við að á verksviði málara sé að ganga frá samskeytum upp að 2 mm, sem hægt er að mála yfir. Um er að ræða útlitsfrágang, en ekki viðgerð sem þolir álag eða kemur í veg fyrir að sprungur myndist.

Jørgen Staal Pedersen


LOFT

Múr – gifs – tré – steypa

Mat við dagsbirtu


Matið fer að jafnaði fram í dagsbirtu

- Horft undir 45° horni í 0,8–1 metra fjarlægð frá viðfangsefninu, miðað við venjulega lofthæð
- Birta (frá stórum glugga) í 0,8–1 m horft beint framan á og í 45° horni við hefðbundna lofthæð.



Mat við raflýsingu

- Ef matið fer fram með raflýsingu skal nota kastara, 6000° Kelvin. Kastarinn lýsir frá horni í horn í 1,6–2 m hæð.




VEGGIR

Múr – gifs – tré – steypa

Mat við dagsbirtu


Matið fer að jafnaði fram í dagsbirtu

- Við eðlilega aðkomu (sjónahorn) að herberginu
- Horfið hornrétt á viðfangsefnið og síðan undir 45°horni í 0,8–1 metra fjarlægð
- Birta (frá stórum glugga) í 0,8–1 m horft beint framan á og í 45°horni við hefðbundna lofthæð.



Mat við raflýsingu

- Ef matið fer fram með raflýsingu skal nota kastara, 6000° Kelvin. Ljósíð er látið lýsa viðfangsefnið upp úr og niður úr í 1,25–1,5 m fjarlægð.




GLUGGAR

Innri og ytri hlið

Mat við dagsbirtu

Matið fer að jafnaði fram í dagsbirtu

- Gluggar eru metnir í 0,8–1 m fjarlægð
- Horft er beint á viðfangið (gluggar eru ekki metnir frá hlið)



Mat við raflýsingu

- Ef matið fer fram með raflýsingu skal nota kastara, 6000° Kelvin. Ljósíð er látið lýsa viðfangsefnið upp úr og niður úr í 1,25–1,5 m fjarlægð.




TRÉVERK

Áfellur, karmar, sólbekkir
og annað málað tréverk

Mat við dagsbirtu


Matið fer að jafnaði fram í dagsbirtu

- Viðfangið er metið í 0,8–1 m fjarlægð
- Horft er beint á viðfangið, fyrir utan áfellur, karma og sólbekki, sem eru skoðuð undir 45° horni



Mat við raflýsingu

- Ef matið fer fram með raflýsingu skal nota kastara, 6000° Kelvin. Ljósið er látið lýsa viðfangsefnið upp úr og niður úr í 1,25–1,5 m fjarlægð.




GÓLF

Steypa – tré

Mat við dagsbirtu


Matið fer að jafnaði fram í dagsbirtu

- Horft er á viðfangið undir 45° horni í 1,6–2 m fjarlægð
- Ljós (frá stórum glugga) í 1,6–2 m fjarlægð



Mat við raflýsingu

- Ef matið fer fram með raflýsingu skal nota kastara, 6000° Kelvin í 1,25–1,5 m fjarlægð frá gólfinu. Kastarinn lýsir frá horni í horn í 1,6–2 m hæð.




JÁRN OG ANNAR MÁLMUR

– af öllu tagi

Mat við dagsbirtu


Matið fer að jafnaði fram í dagsbirtu

- Viðfangið er metið í 0,8–1 m fjarlægð
- Horft er beint á viðfangið
- Sé um járnör eða prófíla að ræða getur verið nauðsynlegt að horfa undir 45° horni



Mat við raflýsingu

- Ef matið fer fram með raflýsingu skal nota kastara, 6000° Kelvin. Kastarinn lýsir frá horni í horn í 1,6–2 m hæð.





Málameistarafélagið

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - mmf@malarar.is - 568 1165



malarar.is